

SAMPYKKTIR FYRIR FÉLAGIÐ VÍÐI

1. HEITI

Félagið heitir Víðir.

2. TILGANGUR

Tilgangur félagsins er að reka saeluhúsið Víði við Heiðarbraut 2 í Fellsmörk í Mýrdal.

3. MARKMIÐ OG LEIÐ

Markmið félagsins er að reka húsið Víði á svipuðum nótum og Jón J. Víðis lýsir í formála gestabókar Brandagils, þ.e. að húsið skuli standa opið til gistingar fyrir Víðisa og/eða gesti þeirra. Til að svo megi vera skal félagið halda húsinu vel við og hreinu. Aðstaða þarf jafnframt að vera þægileg og aðlaðandi. Lykill að Víði skal vera á svæðinu. Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Þá skal félagið stuðla að ræktun lóðar hússins á þann hátt sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur sagt fyrir um. Stjórн félagsins skal kynna sér reglur Skógræktarfélagsins um umgengni á svæðinu, og kynna dvalargestum þær.

Stjórн félagsins ræktar samband við Félag landnema í Fellsmörk og greiðir árgjald til þess. Stjórнin sinnir einnig samskiptum við sveitarfélagið Vík, þegar þess gerist þörf.

Stjórн setur umgengnisreglur fyrir hús og lóð, og viðmiðunarreglur um ræktunarstarf fyrir félagið, að teknu tilliti til þess starfs sem þegar hefur átt sér stað.

Stjórн skal sjá til þess að Víðir, og það ræktunarstarf sem fram fer í Fellsmörk, sé jafnan vel kynnt meðal Víðisa.

4. EIGENDUR OG STJÓRN

Húsið er eign Sigurðar Hauks Sigurðssonar, Þorvalds S. Þorvaldssonar, Jakobs Hálfdanarsonar og Máss Viðars Mássonar. Þeir skipa stjórн félagsins. Þetta er samkvæmt ákvörðun Jóns J. Víðis frá 5. febr. 1973.

Eigendur eru jafnframt stjórнarmenn. Stjórнarmaður getur með skriflegri yfirlýsingu til stjórнar, t.d. í fundargerðabók félagsins, falið ættingja af Víðisætt, að taka sæti sitt í stjórnninni. Nýi stjórнarfélagini fer eftir það með fulla ábyrgð á sínum hlut, þ.e. hann er eigandi hlutarins.

Stjórн hittist árlega á aðalfundi í maí, þar sem meirihluti hennar ræður úrslitum mála. Á aðalfundi skal þetta gert:

1. Stjórн leggur fram skýrslu.
2. Stjórн leggur fram ársreikning til samþykktar.
3. Fundur ræðir rekstur og viðhald Víðis.
4. Fundur ákveður árgjald til rekstursins.
5. Fundur ræðir breytingar á samþykktum félagsins, ef einhverjar eru, og hafa verið auglýstar í fundarboði.
6. Stjórн skiptir með sér verkum, þannig að einn gegnir formennsku, annar ritarastafi, sá þriðji sinnir fjármálum, og sá fjórði er meðstjórnandi.
7. Önnur mál.

Stjórn hefur það í höndum sér hvort hún auglýsir aðalfundi, eða heldur þá fyrir sig.

Stjórn heldur aukafundi í félaginu þegar tilefni gefast. Víðisferðir að Víði eru þannig fundir.

5. MEÐFERÐ EIGNARHLUTA

Eignarhlutur í Víði skal vera séreign þeirra fjögurra Víðisa sem sitja í stjórn félagsins, og utan hjúskapareignar þeirra.

Eigandi má ekki selja eignarhlut sinn. Þegar eigandi fellur frá skulu afkomendur hans velja mann í manns stað; ættingja af Víðisætt. Niðurstaða skal kynnt stjórn félagsins, sem færir ákvörðunina í fundargerðabók þess.

Vilji eigandi ekki taka þátt í rekstri Víðis lengur, fer hann á braut, án þess að fá greitt fyrir sinn hlut, enda verður húsið áfram sæluhús Víðisa. Tilnefni eigandi, eða afkomendur hans, ekki nýjan mann fyrir sig, sbr. 4. lið, tilnefnir stjórn nýjan ættingja í hans stað. Sama gildir ef vanefndir eiga sér stað sbr. 7. lið. Stjórn er þannig alltaf skipuð fjórum mönnum.

6. UM ÚTLIT OG STAÐSETNINGU

Húsið Víðir hefur staðið víða. Þegar þessi lög eru sett ríkir almenn sátt um staðsetningu þess í Fellsmörk. Komi að því að rétt þyki að flytja húsið, þarf það að gerast þannig að almenn sátt sé um nýja staðinn. Aðgengi þarf að vera hæfilega gott fyrir meirihluta Víðisa.

Víði skal haldið vel við. Ekki þarf að fjalla um minniháttar viðgerðir á stjórnarfundum. Það gefur þó auga leið að sátt þarf að vera um allar meiriháttar breytingar.

7. VANEFNDIR OG SLIT

Ef eigandi brýtur gegn samþykktum félagsins, t.d. með því að greiða ekki árgjald, er öðrum eigendum heimilt að krefjast þess að sá víki úr félaginu, og þá bótalaust, sbr. 5. lið.

Eyðileggist Víðir eða að stjórn ákveður að slíta félaginu, tekur hún ákvarðanir um slit í samvinnu við rekstraraðila ræktunarlandsins í Fellsmörk. Ef eignir eru í félaginu við slit skulu þær renna til Skógræktarfélags Reykjavíkur.

8. GILDISTAKA

Lög þessi öðlast gildi 10. maí 2016. Þau voru samþykkt á stofnfundi félagsins, sem haldinn var í Reykjavík þann dag. Viðstaddir voru (eiginhandarundirskriftir):

KRISTJÁN R. JÚG
Háði 39 10 maí 2016.
Mai 10. 2016
Jakob Hálfdansson
Óskaldir J. Óskalsson